

Verdi og Wagner:

Hvað fannst þeim hvorum um annan?

I. “Wagner er geggjaður!”

Þegar 21. ópera Verdis, *Simon Boccanegra*, var sett á svið í Feneyjum í marz 1857, féll hún ekki í frjóan svörð. Sýningin féll. Verdi fékk þá að heyra það í fyrsta sinn á ævinni, að hann væri farinn að herma eftir Wagner. Þetta var reyndar 14 árum áður en Verdi heyrði óperu eftir þýzka meistarinn í fyrsta sinn, en það var í Bologna 1871. Þá var *Lohengrin* sýndur þar í borg í ítalskri þýðingu Boitos, sem var umsvifamikill rithöfundur og tónskáld og samdi mörgum árum síðar textann við tvær síðustu óperur Verdis, *Otello* og *Falstaff*, upp úr leikritum Shakespeares. Verdi hafði að vísu heyrt hljómsveitarforleikinn að *Tannhäuser* í París nokkrum árum áður, 1865. Hann skrifaði vini sínum bréf skömmu síðar til að lýsa þessari lífsreynslu. Þar stendur þetta meðal annars: “Wagner er geggjaður!”

Verdi hafði skrifað *Simon Boccanegra* í hálfgerðu hasti. Þegar æfingar hófust nokkrum vikum fyrir frumsýninguna í Feneyjum 1857, átti hann eftir að semja heilan þátt auk allrar hljómsveitarútsetningarinnar. Honum tókst þó að hespa því af í tæka tíð, en hann var samt ekki alveg sáttur við afraksturinn. Verdi var ekki heldur alls kostar ánægður með texta Piaves, sem hafði áður samið texta við sjö af óperum Verdis, þar á meðal *Macbeth*, *Rigoletto* og *La traviata*, yfirleitt af mikilli list.

Og þegar *Simon Boccanegra* var færður upp í Scalaleikhúsinu í Milanó tveim árum síðar, 1859, fór allt á sömu leið og í Feneyjum. Áheyrendur urður fyrir vonbrigðum. Gagnrýnendur létu sér yfirleitt fátt um finnast. Hvað var á seyði? Hvað hafði breytzt?

II. Nýr stíll

Verdi var um þetta leyti að fikra sig áfram í átt að því að semja samfellda tónlist, þar sem einsöngs- og samsöngsatriði renna saman í eina órofa heild eins og talað orð í leikhúsi. Þetta var samt ekki alveg nýtt stílbragð hjá honum: þeir, sem höfðu hlustað vandlega á *Macbeth* og *Rigoletto*, könnuðust við þetta. Samt bar ekki mikið á þessum nýja stíl í *Simon Boccanegra*. Óperan er sneisafull af aríum, sem lýkur með þögn, svo að áheyrendur geti klappað saman lófunum, alveg eins og í fyrri verkum Verdis. Sum atriðin eru nánast eins og klippt út úr *Il Trovatore*, *La traviata* eða *Rigoletto*. En þarna eru líka einsöngur og samsöngur inni á milli, þar sem laglínurnar taka hver við af annarri án endurtekningar eða hlés: söngvararnir syngjast á, eins og venjulegt fólk talast við á leiksviði eða í lífinu sjálfu. Þetta þótti sumum bera keim af verkum Wagners. Ítalskir áheyrendur voru ekki búnir undir þetta að þessu sinni. Þeir vildu gamla, góða Verdi og engar refjar. Óperan féll í gleymsku.

Löngu síðar, þegar Verdi hafði verið þögull árum saman, tók hann aftur til við *Simon Boccanegra*. Þetta var um 1880. Hann fékk Boito til að lagfæra texta Piaves í samráði við sig. Skömmu áður hafði Boito samið drög að textanum að *Otello*, en það var eins og Verdi vildi ganga úr skugga um hæfileika Boitos og einlægni með því að fá hann til að reka smiðshöggð á *Simon Boccanegra*.

Ný gerð óperunnar var frumsýnd í Milanó 1881, nú við ósvikinn fögnuð. Áheyrendum hafi farið fram – sumpart kannski vegna þess, að þeir höfðu kynnt fyrstu verkum Wagners lítillega, fyrir tilstilli Boitos meðal annarra: ekki aðeins *Lohengrin* í Bologna 1871, heldur líka *Tannhäuser*, *Hollendingnum fljúgandi* og æskuverkinu *Rienzi* árin næst á eftir. Ítalskir óperugestir voru smám saman farnir að venjast ívið erfiðari tónlist en áður. Að sumu leyti var tónlistin í *Simon Boccanegra* fyrirboði þess, sem koma skyldi í *Otello* sex árum síðar. Sumpart þess vegna hefur *Simon Boccanegra* staðið í skugga *Otellos* allar götur síðan þá.

Sumum fannst Wagner varpa skugga yfir Verdi þrátt fyrir *Otello* og *Falstaff*. Þessari skoðun óx

fiskur um hrygg á Ítalíu, þegar nær dró aldamótunum síðustu, og framan af þessari öld. Það var algeng skoðun báðum megin Alþafjalla, einkum meðal tónlistarmanna og gagnrýnenda, að öll verk Verdis fram að *Aidu* væru hálfgerð léttmeti: einungis *Aida*, *Sálumessan* frá 1874, *Otello* og *Falstaff* fullnægðu kröfum tímans.

Ungir tónlistarmenn á Ítalíu fylktu sér um Wagner. Þar var framtíðin. Sumir telja reyndar, að Boito hafi dregið að samstarfi við Verdi til að reyna að þoka gamla manninum „fram á við“: kenningin er sú, að í huga Boitos hafi *Otello* og *Falstaff* verið svar Verdis við *Tristan og Ísoldu* og *Meistarasöngvurunum*. Ýmislegt í verkum Puccinis virðist vaxa úr verkum Wagners ekki síður en úr verkum Verdis og gömlu ítölsku meistaranna. Puccini hafið mikið dálæti á *Meistarasöngvurunum* til dæmis.

III. Skeytingarleysi

Það er vitað, að Verdi dáði *Tristan og Ísoldu* og kallaði annan þáttinn eitt glæsilegasta sköpunarverk mannsandans fyrr og síðar. Á efri árum lét Verdi aðdáun sína á verkum Wagners í ljós í samtölum og bréfum, en hann hafði sparað lofið fyrr á ævinni, þegar Wagner var enn á lífi. Á náttborði Verdis, þegar hann dó, lá bók um Wagner og tónlist hans. Margt bendir reyndar til þess, að Verdi hafi aldrei séð eða heyrt nokkurt af verkum Wagners nema *Lohengrin*, *Tannhäuser* og trúlega *Tristan*, þótt hann hafi haft ýmis tæifæri til þess bæði heima fyrir og á tíðum ferðum sínum norður fyrir fjallgarðinn. Hvers vegna ekki?

Þessu er ekki auðvelt að svara. Listamenn, þar á meðal tónskáld og söngvarar, virðast stundum hafa furðulítinn áhuga hver á öðrum. Þetta skeytingarleysi ber ekki vitni um brennandi forvitni, að ekki sé meira sagt. Og þó: kannski loga þeir af forvitni innst inni, en vilja fyrir enga muni láta það spyrjast. Hvað um það, vísindamenn kæmust ekki langt á því líku hirðuleysi, svo mikið er víst, því að þeir standa hver á öxlum annars frá degi til dags (og neyta stundum lags til að narta í hælana hver á öðrum, en það er efni í aðra grein).

Skeytingarleysi er venjulega gagnkvæmt. Ekkert bendir til þess, að Wagner hafi nokkru sinni lagt sig eftir því að sjá eða heyra neitt af verkum Verdis. Samt hafði Wagner næg tækifæri til þess heima og erlendis. Wagner var sískrifandi um menn og málefni og heima og geima og ekki sízt um sjálfan sig, en hvergi hef ég rekizt á eitt orð um Verdi. Ævisaga Wagners eftir Newman í fjórum svellþykkum bindum segir til dæmis ekkert um álit Wagners á Verdi. Þeir hittust aldrei.

Og ekki bara þeir: Ibsen og Dostojevski bjuggu samtímis í Dresden um skeið og eigruðu um gangstéttirnar alla daga hvor í sínu lagi, en þeir hittust aldrei. Margur hefur skrifað leikrit um minna.

IV. Fyrir fertugt

Verdi átti eftir að draga á Wagner. Á árunum eftir 1920 byrjaði Verdi aftur að sækja í sig veðrið. Þessi vakning átti upptök sín á heimavelli Wagners í Þýskalandi. Margar óperur Verdis, sem höfðu ekki heyrzt árum eða jafnvel áratugum saman, voru settar á svið að nýju.

Þessi vakning bars yfir hafið til Ameríku. Þegar Rudolf Bing tók við stjórnartaumunum í Metropolitanóperunni eftir heimsstyrjöldina síðari, setti hann hverja Verdióperuna upp á eftir annari. Þetta var áhættusamt fyrst í stað: hann færði upp *Leðurblökuna* líka til vonar og vara. Allar götur síðan hafa verk Verdis verið sett oftár á svið í Ameríku og einnig á Englandi og Ítalíu en verk nokkurs annars óperutónskálds. Mörg helztu tónskáld tuttugustu aldar hafa aflað fanga hjá Verdi ekki síður en hjá Wagner. Boito hefði orðið hissa – og glaður.

Það þykir ekki góð latína lengur að gera lítið úr verkum Verdis. Æskuverk Verdis, til dæmis *Nabucco* og *Ernani*, hafa margt sér til ágætis. Stílbrigði Verdis um miðjan aldur, þegar hann samdi “lírukassastykkinn” *Il trovatore*, *La traviata* og *Rigoletto*, og síðan aftur á áttæðisaldri, þegar hann

skrifaði *Otello* og *Falstaff*, rýra ekki gildi æskuverkanna. Þau standa fyrir sínu fram á þennan dag alveg eins og óperur Bellinis, Donizettis og Rossinis. Maður þarf ekki að drekkja þeim, sem maður stendur á öxlunum á . Það er ekki heldur sanngjarnt að halda því fram, að *Tristan* og *Valkyrjan* skyggi á *Tannhäuser*, jafnvel þótt flestir þeirra, sem hafa yndi af síðari verkum Wagners, hafi líka gaman af fyrri verkum hans, en ekki öfugt. Og svo eru þeir, sem bera sig ekki eftir björginni, eins og til að mynda ein allra frægasta óperusöngkona heims, sem heyrði Wagneróperu í fyrsta skipti í hitteðfyrri hátt á sextugsaldri: henni fannst bara gaman.

Sumir líta þroskaferil Verdis og Wagners þeim augum, að þeir hafi báðir tveir tekið stöðugum framförum alla ævi: þeir hafi klifið hvern tindinn öðrum hærrí og aldrei horft um öxl. Þannig standi *Otello* og *Falstaff* upp úr öðrum verkum Verdis og Wagner rísi hæst í *Niflungahringnum* og *Parsifal*. Þessi skoðun er góð og gild. Óperugestir og hljómdiskakaupendur á okkar dögum hafa þó mest dálæti á verkunum, sem þeir sömdu fyrir fertugt.

Verdi og Wagner: Frumsýningar á verkum þeirra



Giuseppe Verdi



Richard Wagner

Ár

1813	Fæddur 10. október við Busseto, nálægt Parma	Fæddur 22. maí í Leipzig
1836		<i>Liebesverbot</i> (Magdeburg)
1839	<i>Oberto</i> (Mílanó)	
1840	<i>Konungur í einn dag</i> (Mílanó)	
1842	<i>Nabucco</i> (Mílanó)	<i>Rienzi</i> (Dresden)
1843	<i>I lombardi</i> (Mílanó)	<i>Hollendingurinn fljúgandi</i> (Dresden)
1844	<i>Ernani</i> (Feneyjar) <i>I due Foscari</i> (Róm)	
1845	<i>Jóhanna af Örk</i> (Mílanó) <i>Alzira</i> (Napólí)	<i>Tannhäuser</i> (Dresden)
1846	<i>Attila</i> (Feneyjar)	
1847	<i>Macbeth</i> (Flórens) <i>I masnadieri</i> (London) <i>Jerúsalem</i> (París)	
1848	<i>Il corsaro</i> (Trieste)	
1849	<i>La battaglia di Legnano</i> (Róm) <i>Luisa Miller</i> (Napólí)	
1850	<i>Stiffelio</i> (Trieste)	<i>Lohengrin</i> (Weimar)

1851	<i>Rigoletto</i> (Feneyjar)	
1853	<i>Il trovatore</i> (Róm)	
	<i>La traviata</i> (Feneyjar)	
1855	<i>I Vespri Siciliani</i> (París)	
1857	<i>Aroldo</i> (Rímíní)	
	<i>Simon Boccanegra</i> (Feneyjar)	
1859	<i>Grímudansleikur</i> (Róm)	
1862	<i>Vald örlaganna</i> (Pétursborg)	
1865		<i>Tristan og Ísold</i> (München)
1867	<i>Don Carlos</i> (París)	
1868		<i>Meistarasöngvararnir</i> (München)
1869		<i>Rínargullið</i> (München)
1870		<i>Valkyrjan</i> (München)
1871	<i>Aida</i> (Kaíró)	
1876		<i>Sigfried</i> (Bayreuth)
		<i>Ragnarök</i> (Bayreuth)
1882		<i>Parsifal</i> (Bayreuth)
1883		Deyr 13. febrúar í Feneyjum
1887	<i>Otello</i> (Mílanó)	
1888		<i>Die Feen</i> (samin 1834 í München)
1893	<i>Falstaff</i> (Mílanó)	
1901	Deyr 27. janúar í Mílanó	